

378. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 26. júní 2025 kl. 16:00.



Mætt: Willum Þór Þórsson forseti, Anton Sveinn McKee, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkhardsdóttir, Trausti Gylfason, Viðar Garðarsson, Þórdís Anna Gylfadóttir, Þórey Edda Elísdóttir, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Teams: Olga Bjarnadóttir, Daníel Jakobsson og Heimir Örn Árnason.

Forföll: Elsa Nielsen og Sigurjón Sigurðsson.

Dagskrá:

Willum Þór Þórsson forseti setti fund og stýrði honum.

1. Samantekt skrifstofu

Forseti vísaði til samantektar skrifstofu sem fylgdi fundargögnum og allir hafa haft tækifæri til að lesa.

Forseti skýrði frá fjarfundi forseta og framkvæmdastjóra norrænna íþrotta- og ólympíusamtaka sem fram fór 16. júní síðastliðinn og fjallaði aðallega um stöðuna gagnvart þátttöku Rússa og Belarúsa í alþjóðlegum íþróttamótum.

Í ljósi þess að staðan í Úkraínu hefur ekki breyst til batnaðar þá stendur fyrri yfirlýsing hópsins frá árinu 2023, varðandi þessi mál, áfram óbreytt.

Málefni Ísraels og Gaza voru einnig rædd á fundinum, að ósk Finnlands og Íslands. Ákveðið var að taka þau mál til frekari umfjöllunar á Nordic Sports Meeting í Helsinki í septembermánuði nk.

2. Skipan í embætti stjórnar, nefndir og ráð

Forseti sló saman þessum dagskrárlið og dagskrárlið 12 um samþykktir íþróttapings.

Forseti er langt kominn með tillögur að skipan í ofangreind hlutverk og er stefnt að því að leggja fram tillögur á næsta fundi framkvæmdastjórnar. Hann þakkaði góð samtöl við meðstjórnendur á milli funda þessa efnis.

Hann ræddi samþykktir þingsins og næstu skref. Hann lagði til þrjár megináherslur í stjórnarstarfinu á tímabilinu, byggt á því sem hann telur helst þurfa að ráðast í, eftir samtöl við fjölmarga bæði í framkvæmdastjórn og víða í íþróttahreyfingunni:

- Að farið verði í gagngera stefnumótun í stærra samhengi til að skerpa á því hvernig við vinnum og sinnum verkefnum. Með greinargóðri stefnu og sameiginlegum skilningi allra við borðið verður til gott skipulag og nýting mannauðs verður betur tryggð.
- Að gerður verði stjórnarsáttmáli um samþykktir þingsins og hvernig vinna skuli að framgangi þeirra mála sem samþykkt var að vinna að næstu tvö árin á milli þinga.
- Að vinna gagngerar breytingar á markaðssetningu og miðlun upplýsinga út í íþróttahreyfinguna og til annarra hagaðila.

Skipað verði í tvö ráð:

- stefnumótunarráð til að vinna að stefnumótuninni af þunga og
- stjórnarsáttmálaráð sem taki samþykktir þingsins, með hliðsjón af stefnumótunarvinnunni, og vinni áætlanir um hvernig koma skal málum í framkvæmd og setji upp raunhæfar tímaáætlanir í þeim efnum.

Umræður urðu um málið og tóku meðstjórnendur mjög vel í ofangreindar tillögur.

3. Starfsreglur framkvæmdastjórnar ÍSí

Forseti vísaði til starfsreglna framkvæmdastjórnar ÍSí sem samþykktar voru af fyrri stjórn. Stjórnsýslusviðið vinnur að því að uppfæra reglurnar í kjölfar breytinga á lögum ÍSí og einnig að lagfæra og samræma textann.

Drög að nýjum starfsreglum verða tekin til afgreiðslu á næsta fund framkvæmdastjórnar. Forseti óskaði eftir athugasemdum frá stjórn á milli funda, ef einhverjar.

4. Nordic Sports Meeting 2026

Forseti fór yfir erindi frá Færeyska íþróttasambandinu (ÍSF) varðandi árlegan fund norræna íþrótta- og ólympíusamtaka - Nordic Sports Meeting. ÍSF á samkvæmt niðurröðun landanna um gestgjafa fundarins, að vera gestgjafi fundarins næsta ári en hefur óskað eftir því að Ísland, sem gert er ráð fyrir því að verði gestgjafi árið 2029, skipti við ÍSF. Skiptin koma sér vel fyrir báða aðila, bæði skipulagslega og fjárhagslega. Þátttökulöndin greiða sjálf fyrir flug og gistingu en einhver kostnaður fellur til vegna fæðis og afþreyingar.

Samþykkt að verða við beiðni ÍSF. ÍSí þarf að gera grein fyrir dagsetningu og staðsetningu fundarins á Nordic Sports Meeting í Helsinki í september næstkomandi.

5. Íþróttamannastyrkir Ólympíusamhjálparrinnar vegna LA 2028

Forseti fór yfir málið. Ólympíusamhjálpin styrkir íþróttafólk til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles 2028. Starfsfólks AMÍ hefur unnið að málinu, með aðkomu þriggja úr framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóra ÍSí. Fyrir liggur minnisblað og tillaga vegna málsins sem fylgdi fundargögnum til stjórnar. Ljúka þarf við umsókn 30. júní nk.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Úthlutun vegna kostnaðarpátttöku íþróttafólks vegna yngri landsliða

Úthlutunarreglur um kostnaðarpátttöku íþróttafólks vegna yngri landsliða voru staðfestar af framkvæmdastjórn ÍSí á 375. fundi framkvæmdastjórnar ÍSí í maí síðastliðum og einnig viðmið sem tengjast úthlutunarreglunum.

Í heild er gert ráð fyrir 100 milljónum til þessa málaflokks fyrir árið 2025 og koma fjármunir úr viðbótarfjármagni sem mennta- og barnamálaráðuneyti úthlutaði seint á síðasta ári (637 m.kr.). Greitt verður í þremur greiðslum, ársþriðjungslega, og byggir úthlutunin á raungögnum úr umsóknum sérsambanda til Afrekssjóðs ÍSí.

Minnisblað vegna úthlutunar fyrsta ársþriðjungs fylgdi fundargögnum en þar er kostnaðarskipting 1. ársþriðjungs skýrð og tölfraði á bak við hana. Almennar umræður urðu um málið. Engar athugasemdir voru gerðar við skiptinguna.

7. Þing sambandsaðila

Forseti skýrði frá vandkvæðum varðandi boðun og/eða framkvæmd ársþinga hjá þremur smærri sérsamböndum, af ólíkum ástæðum. Aðstoð hefur verið veitt af hálfu ÍSí þar sem þörf hefur verið fyrir og verður fylgst með framvindunni.

Talsverðar umræður urðu um málið og mögulegar fyrirbyggjandi lausnir.

Samantekt um lúkningu ofangreindra mála verður lögð fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

8. Úthlutun úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar

Lögð fram til upplýsingar 2. úthlutun úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar sem samþykkt hefur verið að af stjórn Hvatasjóðs. Um er að ræða úthlutun upp á 38,5 milljónir króna. Alls barst 91

umsókn upp á 128 milljónir króna og voru umsækjendur úr öllum landshlutum. Samþykktar voru 72 umsóknir og var úthlutað í verkefni sem samræmast áhersluatriðum sjóðsins.

Engar athugasemdir voru gerðar við úthlutunina.

Talsverðar umræður urðu um Hvatasjóðinn, sjóðsstjórn og úthlutanir úr sjóðnum.

Eftirfarandi bókun samþykkt:

„Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 26. júní 2025 var rætt um Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar í tengslum við 2. úthlutun sjóðsins. Framkvæmdastjórn ítrekar bókun sem gerð var á 364. fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ þar sem hæfi Guðmundar G. Sigurbergssonar, sem situr í sjóðsstjórn Hvatasjóðs fyrir hönd UMFÍ, var degið í efa vegna embættisstarfa hans víða í íþróttahreyfingunni. Þrátt fyrir bókunina var skipan Guðmundar ekki dregin til baka af hálfu UMFÍ.

Bókunin er ítrekuð nú þar sem framkvæmdastjórn er enn sama sinnis og telur, í ljósi þessarar 2. úthlutunar sjóðsins, að seta Guðmundar í sjóðsstjórninni setji yfirlestri og umfjöllun umsókna skorður sem ekki eru ásættanlegar.“

Forseta og framkvæmdastjóra falið að koma ofangreindri bókun á framfæri við forystu UMFÍ.

9. Upplýsingar um styrkveitingu frá Íslenskum getraunum vegna verkefna um veðmálafíkn og hagræðingu úrslita

Íslenskar getraunir hafa veitt ÍSÍ og UMFÍ styrk að upphæð kr. 15 milljónir króna vegna verkefna um veðmálafíkn og hagræðingu úrslita, með hliðsjón af samþykktum 77. Íþróttapings ÍSÍ um þau mál. ÍSÍ og UMFÍ munu vinna sameiginlega að því að móta verkefni sem fjármagnið gæti runnið til.

10. Starfsskýrsluskil – félög í banni

Í fundargögnum liggur fyrir yfirlit yfir félög sem ekki hafa skilað skýrslu og ekki sýnt neina tilburði við skýrsluskil þrátt fyrir eftirrekstur ÍSÍ og sambandsaðila.

Samþykkt að þau 17 félög sem á listanum eru verði sett í keppnisbann frá og með 1. júlí og þangað til að skil hafa átt sér stað.

Skrifstofa mun fylgja málinu eftir í samráði við viðkomandi félag/hérað/sérsamband.

11. Skattamálefni

Forseti ræddi stöðu ýmissa mála er tengjast skattamálum íþróttahreyfingarinnar. Hann fór yfir viðræður sem hafa átt sér stað á ýmsum vettvangi síðustu vikur og mánuði og hvar vandamálin helst liggja. Staðan er áhyggjuvaldandi fyrir íþróttahreyfinguna á ýmsa vegu en fagaðilar eru að störfum fyrir íþróttahreyfinguna til að mæta þeim áskorunum sem blasa við. Forseti hefur verið í samskiptum við ýmsa aðila undanfarið, svo sem skattayfirvöld og skattaskrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis, vegna þessa og vonast er til að formlegur vettvangur sé að myndast um framgang þeirra skattamálefna sem í gangi eru.

Fram kom frá fundarmönnum ábending um nauðsyn þess að gæta að nægu upplýsingaflæði út til hreyfingarinnar um stöðu mála.

12. Íþróttaping ÍSÍ 2025

Þessi dagskrárliður var tekinn með dagskrárlið 2, sjá hér ofar í fundargerð.

13. Heiðranir

Formlega bókuð rafræn samþykkt á tilnefningu Héraðssamband Strandamanna um Gullmerki ÍSí til Óskars Alberts Torfasonar. Hafsteinn Pálsson og Andri Stefánsson afhentu merkið á ársþingi HSS 10. júní síðastliðinn.

Rætt um reglugerð ÍSí um heiðursveitingar og mögulegar breytingar á henni til að einfalda umsýslu heiðursveitinga. Samþykkt að Heiðursráð ÍSí skoði mögulegar breytingar á reglugerðinni með haustinu.

14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 377. fundar framkvæmdastjórnar.
- Fundar Laganefndar frá 11. júní sl. – **Tillögur nefndarinnar um afgreiðslu mála samþykktar.**

Að auki var lagt fram minnisblað varðandi dómstóla.

15. Viðburðir

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

16. Næstu fundir

Samþykkt að framkvæmdastjórn fundi að jafnaði þriðja miðvikudag í mánuði. Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru áætlaðir sem hér segir.

- Miðvikudagurinn 20. ágúst - langur fundur með kvöldmat, 16:00 – 22:00
- Miðvikudagurinn 17. september kl. 16:00.
- Miðvikudagurinn 15. október kl. 16:00.
- Miðvikudagurinn 19. nóvember kl. 16:00.
- Föstudagurinn 12. desember kl. 16:00 – jólafundur.

Formannafundur ÍSí verður haldinn föstudaginn 21. nóvember.

Stefnt verður að því að dagsetja fundi framkvæmdastjórnar sem fyrst út næsta ár. Skoðað verður að setja upp sameiginlegt dagatal framkvæmdastjórnar.

17. Önnur mál

Ríkisstyrkur til sérsambanda

Lagt fram minnisblað frá Kára Mímissyni varðandi ríkisstyrk til sérsambanda þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að sækja umtalsverða hækkun á styrknum.

Umræður urðu um málið og fleiri málefni sem þarfnast aukinna fjárframlaga, svo sem Ferðasjóður íþróttafélaga. Umræður urðu um fjárlög og þær upphæðir sem falla til íþróttamála.

Málefni afreksíþróttafólks

Anton Sveinn McKee ræddi mikilvægi þess að ná fram bættum sveigjanleika í námi í framhaldsskólum fyrir afreksíþróttafólk. Einnig ræddi hann mikilvægi þess að tryggingamál afreksíþróttafólks verði tekin föstum tókum til að eyða óvissu og hættu á að afreksíþróttafólk sé vantryggt, í iðkun, keppni og á ferðalögum.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að vinnuhópar hafi verið að störfum utan um þessa málaflokka og skilað skýrslu að starfstímabili loknu.

Samþykkt að taka saman upplýsingar um stöðu mála með hliðsjón af skýrslum vinnuhópanna og taka málið aftur upp á vettvangi framkvæmdastjórnar í haust.

Íþróttamaður ársins

Hjördís Guðmundsdóttir spurði um stöðu mála varðandi kjör Íþróttamanns ársins, með tilvísun í umfjöllun á 365. fundi framkvæmdastjórnar þar sem samþykkt var að óska eftir fundi með Samtökum íþróttafréttamanna (SÍ) og ályktunar Íþróttamannanefndar ÍSÍ um kjörið sem tekin var fyrir á 366. fundi framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með SÍ hið allra fyrsta til að umræður geti átt sér stað áður en undirbúningur fyrir næsta kjör fer af stað. Edda Sif Pálsdóttir er nýr formaður samtakanna.

Ný heimasíða

Kári Mímisson óskaði eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi nýja heimasíðu ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri vísaði til upplýsinga um málið í samantekt skrifstofu sem fylgdi fundargögnum.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:30.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.